

## Stofnanasamningur Fjölbrautaskólans við Ármúla og félagsmanna í Þroskaþjálfafélagi Íslands

### 1. kafli: Gildissvið, gildistími

- 1.1 Samningur þessi fjallar um kjör starfsmanna Fjölbrautaskólans í Ármúla sem eru í Þroskaþjálfafélagi Íslands.
- 1.2 Gildistími er frá 1. ágúst 2014 til 31. júlí 2015.

### 2. kafli: Starfslýsing og vinnutími

#### 2.1 Þroskaþjálfar á sérnámsbraut annast, taka þátt í og bera ábyrgð á eftirfarandi:

- vinna að þroskaþjálfun nemenda með þroskafrávik og/eða fötlun
- veita ráðgjöf til kennara um þroskaþjálfun nemenda
- sinna námi umsjónarnemenda og annarra nemenda í bekknum í samstarfi við aðra starfsmenn og kennslustjóra brautarinnar
- vinna að gerð einstaklings- og hópkenntuáætlana auk námsmats í nánu samstarfi við kennslustjóra og aðra starfsmenn eins og við á
- gerð brautarnámskrár og endurskoðunar á henni
- vali á almennum áföngum í samráði við nemendur og foreldra/forráðamenn nemenda
- skráningu fjarvista
- samstarfi við aðra starfsmenn, nemendur, foreldra/forráðamenn og aðra sérfræðinga (s.s. sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara, stoðtækjafræðinga, blindráðgjafa, táknmálstúlka, o.fl.)
- að viðhalda faglegri hæfni sinni með endurmenntun
- að sitja starfsmannafundi sem boðaðir eru
- að sitja teymisfundi
- að leiðbeina stuðningsfulltrúum eins og við á

#### 2.3. Vinnuþættir

**Vinnuþáttur A** er þjálfun/kennsla nemenda og undirbúningur samtals 1440 klst. á ári. Kennslustjóra er heimilt að ráðstafa þroskaþjálfara í að hámarki 26 þjálfunarstundir (hver þjálfunarstund er 40 mínútur) á viku.

**Vinnuþáttur B** er samráð, námsmat, stöðumat og aðlögun nemenda, viðtalstímar, samstarf við fagaðila utan og innan skólans og ráðgjöf til foreldra, til kennara og annarra starfsmanna, upplýsingagjöf, umsjónarstörf og endurmenntun/símenntun/starfsþróun samtals 360 klst. á ári.

**Vinnuþáttur C** eru tímabundin verkefni sem kæmu til frádráttar á vinnuþætti A.

Bundin viðvera er vegna starfsmannafunda, viðtalstíma og faglegs samstarfs innan skóla.

Samtals 1.800 klst. á ári.

### 3. kafli: Markmið

- 3.1 Á samningstímanum mun samstarfsnefnd leggja fram tillögur um árangurstengingu launa með það fyrir augum að launakerfið stuðli að því að skólinn nái eftirfarandi markmiðum:
- að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
  - að stuðla því að skólinn hafi góða samkeppnisstöðu á vinnumarkaðnum
  - að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissrar vinnu og aukinna afkasta
  - að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem skólanum er ætlað að sinna
  - að hvetja til endur- og símenntunnar
  - að tekið verði upp reglubundið frammistöðumat

Samningnum er ætlað að bæta rekstrarskipulag skólans, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi og þannig gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með auka möguleika þeirra á bættum kjörum.

### 4. kafli: Röðun starfa í launaflokka

- 4.1. Proskapjálfar sem hefja störf við Fjölbautaskólann við Ármúla raðast með þessum hætti í launaflokka:

Með réttindi til að starfa sem proskapjálfi	launaflokkur 2
30 eininga háskólanám eftir BA/BS próf sem nýtist í starfi	1 þrep
MA/MS próf	launaflokkur 3
Doktorspróf sem nýtist í starfi	launaflokkur 4

Þeir sem hafa leyfisbréf, sem veitir þeim rétt til að bera starfsheitið framhaldsskólakennari, raðast einum flokki hærra en tilgreint er hér að ofan.

- 4.2. Alúðarþrep (2 þrep sem starfsmenn hafa haft frá 2010) eru bundin endurmenntun/símenntun/starfsþróun sem kveðið er á um í vinnuþætti B. Starfsmaður þarf að sinna þessum þætti sem nemur 80 stundum á ári og skila skýrslu árlega til stjórnenda (skólameistara og aðstoðarskólameistara) um hvernig þessum tíma er varið. Að lágmarki þurfa 20 stundir að vera í formi námskeiða eða ráðstefna sem viðkomandi starfsmaður sækir. Símenntun/starfsþróun getur verið hugbúnaður sem starfsmaður lærir á og notar í störfum sínum, nýsköpun í starfi sem er t.d. afurð lesturs fræðibóka í viðkomandi faggrein, alþjóðleg samstarfsverkefni á sérsviði, þverfagleg verkefni milli stofnana eða skóla, o.fl.
- 4.3 Skólinn greiðir sérstakt álag til þroskajálfa vegna eðli vinnu með nemendum með þroskafrávik. Álagið er eitt launaþrep og 6%, 12% eða 17% og fer eftir fjölda nemenda í hóp.

### 5. kafli: Áhrif fagreynslu á röðun í launaflokka

- Eftir 1 ár í starfi 1 flokkur
- Eftir 2 ár í starfi 1 flokkur
- Eftir 4 ár í starfi 1 flokkur

St. G.

- Eftir 9 ár í starfi 1 flokkur
- Eftir 12 ár í starfi 1 flokkur

Aðra starfsreynslu, sem að mati samstarfsnefndar nýtist til jafns við fagreynslu má meta.

**6. kafli: Ýmis verkefni, tímabundnar launahækkanir**

- 6.1** Störf verkefnastjóra skulu auglýst innan skólans með a.m.k. 2. vikna fyrirvara. Störf sem falla undir verkefnastjórn eru t.d. fagstjórn og nemendaumsjón. Í auglýsingu skal tilgreina ráðningartíma, starfslýsingu og launakjör verkefnisstjóra.

**7. kafli: Samstarfsnefnd, meðferð ágreiningsmála**

- 7.1.** Samstarfsnefnd starfar í samræmi við ákvæði í 11. kafla í samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og 24 aðildarfélaga BHM.
- 7.2.** Í samstarfsnefnd sitja tveir fulltrúar þroskaþjálfara og tveir til vara. Í nefndinni eru einnig tveir fulltrúar skólans og tveir til vara.
- 7.3.** Samstarfsnefndin skal upplýst um öll ráðningar- og launakjör sem nefndarmenn óska upplýsinga um. Þetta gildir hvort sem um er að ræða auglýst störf eða verkefni sem þroskaþjálfar taka að sér án undangenginnar auglýsingar.

Reykjavík 11-6-2014

Stefnir Pálsson  
Ólafur H. Sigurðsson  
Guðrún Þorvaldsdóttir

Laufey S. Simeonsson  
Helga J. Sigríðsdóttir  
Rakel H. Agústsdóttir  
Dora Ingimarsdóttir

### **Viðauki 1**

Skólinn mun vinna að vinnumati í samráði við þroskaþjálfra samhliða vinnumati kennara. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á skólaárinu 2014-2015.

ss. *SS*